

5
26. jan.

AUGLÝSING

um viðskiptasamning milli Íslands og Spánar.

Hinn 17. desember 1949 var undirritaður í Madrid af Péttri Benediktssyni sendiherra og Alberto Martin Artajo utanríkisráðherra Spánar, viðskiptasamningur milli Íslands og Spánar, er fylgir hér með í íslenskri þýðingu:

1. gr.

Til þess að auðvelda verzlun milli Spánar og Íslands skal hvor stofnunin um sig — Instituto Espanol de Moneda Extranjera (Spænska gjaldeyrisstofnunin) og Landsbanki Íslands í Reykjavík — opna reikning hjá sér í sterlingspundum á nafn hinnar.

Greiðsla fyrir útfluttar íslenskar vörur til Spánar skal fara fram fyrir milli-göngu Instituto Espanol de Moneda Extranjera inn á reikning Landsbanka Íslands og greiðsla fyrir útfluttar spænskar vörur til Íslands skal fara fram fyrir milli-göngu Landsbanka Íslands inn á reikning Instituto Espanol de Moneda Extranjera. Greiðslur farmgjalda og annarrar þjónustu, svo og kostnað af ferðalögum, má inna af hendi með aðstoð þessara reikninga.

Hinar tvær ofangreindu gjaldeyrisstofnanir koma sér saman um þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til að ná greiðslujöfnuði hvor á sínum reikningi.

2. gr.

Samkomulag er um þá meginreglu, að meðan samningur þessi gildir skuli greiðslur fyrir vörur og þjónustu, sem annar samningsaðili innir af hendi, svara til greiðslna fyrir þjónustu og vörur, sem inntar eru af hendi af hinum samningsaðiljanum.

Ef eftirstöðvar verða samt sem áður á reikningi í hag annarri hvorri hinna ofangreindu gjaldeyrisstofnana, þegar samningurinn gengur úr gildi, skal sú innstæða að beiðni hlutaðeigandi aðilja og innan sex mánaða frá því að sú beiðni er lögð fram, greidd með vörum, sem samkomulag verður um.

Það er viðurkennt, að ekki er hægt að halda reikningunum stöðugt jöfnum, vegna þess að margar vörur, sem um er að ræða í verzlunarviðskiptum samningsaðilja eru bundnar við árstíðir, og einnig vegna annarra ástæðna. Hvor samningsaðili um sig er því reiðubúinn, ef þörf gerist, til að veita hinum samningsaðiljanum reikningslán að fjárhæð kr. 100 000 sterlingspund. Fjárhæð þessa reikningsláns má hækka með samkomulagi hinna tveggja lánsstofnana.

3. gr.

Yfirvöld beggja landanna munu gera allt, sem hægt er til þess að auðvelda viðskipti milli landanna með því að taka til velviljaðrar athugunar beiðnir um inn- og útflutningsleyfi fyrir vörum, sem þessi viðskipti taka til. Þau munu einnig hafa hliðsjón af því, að heppilegt er að auka vöruskiptin, og enn fremur, að nauðsynlegt er að halda við jafnvæginu milli innflutnings og útflutnings.

Skal þetta einkum gilda um þær spænsku vörutegundir, sem nefndar eru í skrá „E“ og þær íslenskar vörutegundir, sem nefndar eru á skrá „I“, en báðar eru viðfestar þennan samning.

4. gr.

Gildistaka þessa samnings hefst með undirskrift hans og skal hann vera í gildi til 31. desember 1950.

Skrá „E“.

Vefnaðarvörur af öllu tagi.
Fiskinet og netagarn.
Skófatnaður.
Leður.
Nýir og þurrkaðir ávextir.
Ávaxtamauk og ávaxtasafi.

Vín og vínandi.
Superfosfat.
Kalí.
Salt.
Byggingarefni og tilheyrandi.
Ýmislegt.

5
26. jan.

Skrá „I“.

Saltfiskur (þurrkaður eða upp úr salti).
Hestar.
Þorskalýsi, (meðala- og iðnaðarlýsi).

Aðrar fiskafurðir.
Ýmislegt.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 26. janúar 1950.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

L Ö G

um framlenging á gildi laga nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950.

6
31. jan.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í lögum nr. 114/1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950, skal gilda til 1. marz 1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. janúar 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.